

## DKG IOTA deild

Fyrsti fundur IOTA deildar starfsárið 2022 – 2023 haldinn í Grunnskólanum á Suðureyri 7. nóvember 2022, kl. 18.30

Þetta átti reyndar að vera annar fundur, en fyrsta fundur var áætlað að halda í Heydal laugardaginn 8. okt. Hætta varð við hann vegna veikinda og mikilla forfalla – og einnig var bálhvasst í Djúpinu. – Ákveðið var að reyna aftur að hafa fund í Heydal þegar vorar.

Mættar voru 13 konur og 4 gestir sem formaðurinn, Vilborg Ása, bauð velkomnar. Hún kveikti síðan á kertum og setti fundinn.

Aðalheiður Sigurðardóttir frá “Ég er Unik” hélt fyrirlestur á Zoom um einhverfu og hvernig heili einhverfra virkar. Hún var mjög skilvirk og skýr og gaf okkur nýja sýn á heim einhverfunnar. Almenn ánægja fundarkvanna var með fyrirlesturinn og umræður sköpuðust í kjölfarið. Í framhaldi var rætt um bækurnar Þernan og Efnafræði fyrir byrjendur sem báðar segja frá einhverfum konum og aðrar konur voru hvattar til að lesa/hlusta á þær.

Fiskisúpa og heimabakað brauð ásamt kaffi og konfektum var síðan í boði Ásu og Bryndísar, smakkaðist mjög vel.

Bryndís Ásta var síðan með orð til umhugsunar sem var “Skóli án aðgreiningar” og hvernig það fallega konsept virðist hafa misst marks að mörgu leyti. Umræður sköpuðust um það - lífflegar -.

Ása sagði síðan frá fyrirhuguðum landsfundi sem haldinn verður í Hveragerði 13. og 14. maí og hvatti konur til að taka þá daga frá – og hún sagði einnig frá jólafundinum sem haldinn verður hjá okkur í Sjálfstæðishúsinu á Ísafirði 6. Des. Næst komandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20.45

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari.